

**Fundargerð 114. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða**

Fundur haldinn í fundarherbergi FMS að Geirsgötu 9, þriðjudaginn 28. júní 2016 kl. 8:30.

Viðstaddir: Albína Thordarson formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Helena Karlsdóttir, forstöðumaður stjórnsýslu og umhverfissviðs, Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri og Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir, sérfræðingur.

**Fundargerð:****1. Kynning ferðar starfsmanna FMS á framkvæmdastaði FF í vor**

Hjörleifur Finnsson og Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir kynntu ferðina sem þau fóru í dagana 11.-14. apríl til að skoða nokkra ferðamannastaði sem hlotið hafa styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á Suðurlandi, Suðvesturlandi og Vesturlandi. Fjallað var um mikilvægi svona ferðar og að þörf sé á að kynna verkefnið frekar.

**2. Staða framvindu- og lokaskýrslna ráðherraúthlutunar sumarið 2015 – FF9.**

- a. Staða verkefna FOR - flest öll gögn eru komin og eru málin í vinnslu.
- b. Staða verkefna UAR - mörgum verkefnum enn ólokið. Samkvæmt verkferlum FMS verður send út áminning um að öllum verkefnum skuli vera lokið eigi síðar en 31. ágúst 2016 og eftir það verði ekki um frekari greiðslur að ræða skv. skilyrðum styrkveitinga frá ANR.

**3. Staðan á samningum 2016**

- a. Búið er að ganga frá öllum samningum
- b. Fráviksmál (sjá meðfylgjandi minnisblöð)

**i. Vesturbyggð – Salernisaðstaða að Brunnum í Látravík, Látrabjargi.**

Frávik: Sveitarfélagið hefur yfirumsjón með deiliskipulagi svæðisins og tekur ákvarðanir til úrbóta með landeigendum. Það sem verkefnið strandar á er vandamál með landeigendum þar sem lítill hluti þeirra er á móti þessari framkvæmd. Ásthildur Sturludóttir bæjarstjóri Vesturbyggðar og Elfar Stein Karlsson forstöðumaður tæknideildar telja þetta mjög brýnt og nauðsynleg verkefni. Því er óskað eftir að fá að halda styrknum fram á næsta ár eða til ársins 2017.

Niðurstaða: „Í ljósi eðli málsins telur stjórnin eðlilegt að veita frestinn með þessum skilyrðum og leggur til að FMS veitir frest um gerð samnings fram á vor 2017. Ef ekki næst samstaða milli Vesturbyggðar og landeigendur fyrir þann tíma og framkvæmdir ekki fyrirsjáanlegar fellur samningur niður.“

ii. Reykjanes Geopark – Brimketill: aðkoma og upplifunarsvæði.

Frávik: Komið hefur í ljós viðbótarkostnaður vegna burðarþolsútreikninga, eftirlit með framkvæmdum og undirbúningur útboðs, samtals um 4,3 milljónir. Reykjanes jarðvangur óskar því eftir að fá að nýta það fjármagn sem áætlað var í útsýnispall 3 (2 milljónir) og ófyrirséðan kostnað (2,5 milljónir) í ofangreint verk. Í upphafi var gert ráð fyrir því að hægt væri að áfangaskipta verkefninu. Þriðji útsýnispallurinn átti að vera síðasti áfangi verksins. Að honum kæmu ekki til með að liggja jafn aðgengilegur stígur eins og að hinum tveimur. Allan tíman var gert ráð fyrir því að megin þungi umferðarinnar færi um palla 1 og 2.

Niðurstaða: Stjórn FF telur að frávikið rúmist innan samþykks verkefnis og leggur til að frávikið þ.e. að fallið verið frá gerð við þriðja útsýnispallinn verði samþykkt.

iii. Mýrdalshreppur – Dyrhólaey, Háey – stígar, öryggi og náttúruvernd.

Frávik: Beðið er um að hætta við Öryggishandrið við Tó, færslu á kr. 500 þús. frá stígagerð við Hallstaði og 2x kr. 250.000 frá stígum við vita og tröppum og öryggishandriði við baðstofuhurð (sbr. tölvupóst frá Ásgeiri Magnússyni) en stað þess verði farið í byggingu á útsýnispalli við Baðstofunef. Ástæða beiðinnar er vegna breyttra aðstæðna. Ekki þykir lengur æskilegt vegna hrunvandamála að leggja stíg út á Tó, en einnig að ljós hafa komið öryggisvandamál við Baðstofunef. Tilfærsla fjárhæða er minniháttar, og breyting á eðli verkefnisins engin. Því var lagt til að beiðnin verði samþykkt sem minniháttar frávik og ný áfangaskipting sett í samningin við Mýrdalshrepp.

Niðurstaða: Stjórn FF telur að frávikið rúmist innan samþykks verkefnis og leggur til að frávikið þ.e. tilfærslu fjárhæðar verði samþykkt.

4. Bréf Ásgeirs Magnússonar f.h. Mýrdalshrepps og Reykjavíkurborgar v/Hlemms

Alls bárust 13 óskir um rökstuðning vegna synjunar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og var þeim öllum svarað. Óskað var hins vegar eftir frekari rökstuðningi stjórnar vegna synjunar eftirfarandi styrkja:

- a. Bréf Ásgeirs Magnússonar f.h. Mýrdalshrepps vegna synjunar á verkefni *Fyrirmyndarferðamannastaðir, deiliskipulag og hönnun: Hjörleifshöfði, Höfðabrekkuafréttur/Pakgil, Reynisfjall, Sólheimajökull og Víkurfjara*. Verknúmer 1510346.

Verkefnið hlaut háa einkunn og er vel styrkhæft eins og fram kemur í rökstuðningi Ferðamálastofu. Að þessu sinni varð það undir í samkeppni við önnur verkefni, vegna fjölda þeirra og gæða og í ljósi þess að úr takmörkuðu fjármagni var að spila.

- b. Bréf frá Reykjavíkurborg vegna Hlemmur mathöll. Verknúmer 1602134.

- i. Litið er á Reykjavíkurborg sem ferðamannastað enda hafi nokkur verkefni sem borgin hefur sótt um hlotið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Hins vegar eru staðir innan Reykjavíkurborgar sem ekki

geta talist ferðamannastaðir frekar en verslunar- og þjónustustaðir fyrir íbúa. Mathöllin verður að öllum líkindum frekar verslunar og þjónustustaður fyrir íbúa en réttnefndur ferðamannastaður þótt hann muni hafa eitthvað gildi fyrir einhverja ferðamenn eins og önnur verslun og þjónusta.

*Stjórn FF gerir alvarlegar athugasemdir við að umsækjendum sem ekki eru sáttir við úthlutun úr sjóðnum sé svarað með rökstuðningi sem stjórn sjóðsins hefur hvorki séð né vitað af, ekki síst í ljósi þess að vinna við mat á tillögum var langt komin þegar núverandi starfsmenn komu að henni.*

#### 5. Ferð stjórnar 30. júní til 1. Júlí.

Dagskrá stjórnar um sunnanverða Vestfirði 30.júní-1.júlí:

Fimmtudagur 30.júní:

Kl. 08:30 Brottför frá Reykjavík (Glæsibær)

Kl. 09:30 Saga Jarðvangur (á Markaðsstofu Vesturlands-Edda Arinbjarnar 699 2636)

Kl. 11:45 Helgafell í Helgafellssveit (bankað upp á bænum)

Kl. 12:30 Hádegismatur í Stykkishólmi (Sjávarpakkhúsið)

Kl. 14:00 Súgandisey- (Bergur Hjaltalín – 4338100- Ragnheiður 8941880)

Kl. 15:15-18:15 Ferjusigling (fer 15:45)

Kl. 18:15 Brjánslækur-Flókatóftir (mætum þar Hákon Ásgeirssyni 822 4019)

Kl. 18:30 Vatnsfjörður/Surtarbrandsgil

Kl. 19:30 Dynjandi (Hákon Ásgeirsson)

Kl. 21:30 Heimsendi veitingahús á Patreksfirði (Kolbrún 4565150)

Kl. 11:00 Komið á Hótel West á Patreksfirði

Föstudagur 1.júlí:

Kl. 07:30 Brottför frá Patreksfirði

Kl. 10:00 Látrabjarg (Hákon Ásgeirsson)

Kl. 11:45 - 15:00 Ferjusigling (fer 12:15)

Áætluð koma til Reykjavíkur um 18:00

#### 6. Önnur mál

- a. Næsti fundur 23. ágúst 2016
- b. Endurskoða umsóknareyðublað og matsblað – fyrir næsta fund
- c. Ákveðið að boða Hrafnhildi starfsmann Ferðamálastofu á næsta fund til að kynna DMP- stefnumótandi stjórnunarátlanir
- d. Næsta úthlutun – auglýsing miðjan september með umsóknarfrest frá 1.okt til 21.okt
- e. Áherslur fyrir næstu úthlutun.

Þetta er síðasti stjórnarfundur Guðjóns Bragasonar og er honum þökkuð kærlega sú vinna sem hann hefur gengt í stjórn Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða síðust ár. Ekki er enn vitað hver tekur við.

Fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 23.ágúst 2016.

Fundargerð ritaði Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, sérfræðingur Ferðamálastofu.

Undirskrift stjórnar: